

skipun 8. marzmán. 1843 smbr. tilskipun 6. janúarmán. 1857, og svo að þeim geti orðið lokið í síðasta lagi fyrir lok næstkomandi júnímánaðar. Svo bjóðum Vær og bæði þeim mönnum, er Vær munum kveðja til setu á alþingi, og hinum þjóðkjörnu alþingismönnum að koma til Reykjavíkur 27. dag júlímánaðar næstkomandi. Verður þeim þar skýrt frá því, sem að öðru leyti með þarf.

1869.

26. febrúar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

#### 14. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um endurskoðun brauðamatsins frá 1853.

2. marz.

Með bréfi dagsettu 16. septembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins dagsettu 30. desembermán. 1865, skýrslur um tekjurnar af öllum brauðum á Íslandi eptir meðaltali þau 5 árin, 1862—67, sem hlutaðeigandi prestar hafa samið eptir skýrsluformi, er búið hefir til í því skyni; eiga skýrslur þessar að vera undirstaða undir endurskoðun þeirri, sem mælt er fyrir um í tilskipun 15. desembermán. 1865, á mati því á öllum brauðum á Íslandi, sem staðfest er af konungi sama dag. Þér hafið þar að auki sagt álit yðar um starfa þann, er þannig hefir verið af hendi leystur, og sumpart bent á ýmsar reikningsvillur og ónákvæmni í skýrslunum, sumpart tekið fram ýmsa ósamkvæmni í skýrslunum um tekjur þeirra brauða, þar sem presturinn hefir arðinn af hlunnindum, til að mynda æðarfuglavarpi, selveidi, reka eða því um líku, og loks borið upp uppástungur um að breyta matinu á sumum af brauðum þessum.

Nú er stjórnarráðið hefir látið rannsaka og endurskoða skýrslur þessar og að öðru leyti grandgæfilega íhugað málefni þetta, skal þess getið, sem hér fer á eptir yður til leiðbeiningar.

Þar sem nú að einu leyti ber að taka til greina leiðrét-

1869.

2. marz.

ingar þær, sem þær, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, hafið látið gjöra, þar sem reikningsvillur og ónákvæmni hefir fundizt í sumum skýrslunum, og um leið hafa hliðsjón af þeim breytingum, sem endurskoðunin hér gefir tilefni til, þá virðist stjórnarráðinu á hinn bóginn ísjárvert að fallast á uppástungur yðar um breytingu á matinu á sumum af brauðum þeim, þar sem presturinn hefir arðinn af hlunnindum, sem liggja undir prestssetrið eða brauðið. Eins og þær hafið vikið á, hafa virðingarmennirnir skilið reglu þá, sem tekin er fram í ofan nefndu skýrsluformi, að hlunnindin skuli metin í einu lagi ásamt með tekjunum af sjálfu prestssetrinu, á ýmsan hátt, þar sem sumir hafa metið hlunnindin í einu lagi með prestssetrinu, sumir hafa metið þau sèr á parti, og sumir ekki hafa haft neitt tillit til þeirra. Þetta hefir valdið mikilli ósamkvæmni í matinu og mörgum villum, sem þær samt hafið reynt að leiðrétta á þann hátt, að þær, sumpart eptir kunnugleik sjálfra yðar á hlutaðeigandi brauði, sumpart eptir almennings áliti á gæðum þess, hafið lagt ákveðið mat á arðinn af hlunnindum þess, en samt á þann hátt, að þær ávallt hafið tekið hið minnsta, sem álíta má að hlunnindið gefi af sèr, einkum þegar það hefir verið dúntekja, og dregið frá því kostnaðinn til notkunar hlunnindisins, en hann hafið þær eptir áætlun stundum gjört helminginn og stundum þriðjunginn af öllum afrakstrinum. Stjórnarráðið fær nú samt ekki betur sèð, en að þessi aðferð, sem ekki hefir neina fasta undirstöðu við að styðjast, sè svo óáreiðanleg, að menn geti ekki byggt á henni breytingar á matinu, og að stjórnarráðsins byggju fæst ekki í þessu efni nein áreiðanleg vissa á annan hátt en þann, að láta meta tekjurnar af þessum prestaköllum upp aptur þannig, að arðurinn af prestssetrinu sjálfu sè metinn sèr á parti (landskuld og kúgildaleigur) og arðurinn af hlunnindunum sèr á parti; ætti þá fyrst að skýra frá öllum afrakstrinum af hlunnindunum þau 5 árin, 1862—67, og frá kostnaðinum til notkunar þeirra, reikna svo arðinn, sem eptir verður, eptir verðlagsskrár verði á þeim vörutegundum, sem um er að ræða, eða þar sem svo stendur á, að því verður ekki við komið, eptir almennu söluverði, og leggja hann síðan

við tekjur brauðsins, líkt og farið hefir verið að um Stafafells brauð.

1869.  
2. marz.

Þær eruð því beðnir, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, að hlutast um, að nýtt mat, eins og að framan er á vikið, fari fram á brauðum þeim, sem nefnd eru í 1.—5. og 7.—13.<sup>1</sup> staðið í ofan nefndu bræfi yðar, og enn fremur á brauðunum, Helgafelli í Snæfellsnessýslu og Sauðanesi í Þingeyjarsýslu. — — — — —

# 15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sekt fyrir drátt á að semja reikning fyrir umboðstekjum.

6. marz.

Í bræfi dagsettu 23. nóvembermán. f. á. hafið þær, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þær samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 17. septembermán. s. á. hafið gjört 20 rd. sekt á hendur N. N., fyrir að hann hafði vanrækt að senda í tækan tíma reikning fyrir tekjum ríkissjóðsins af N. N. umboði fjárhagsárið 1867—68, og að hann hafi galdið yður tæða sekt. Hafið þær nú beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, í hvaða sjóð stiptamtíð eigi að greiða sekt þessa, jafnframt og þær ítarlega hafið skýrt frá, hverra efasemda lagaboð þau, er að þessu lúta, sé að yðar hyggju ollandi um þetta efni.

Nú er stjórnarráðið hefir skrifast á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þær gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að þærð sekt þessi er ákveðin samkvæmt ákvörðuninni í 27. grein í tilskipun 30. janúarmán. 1793 um

<sup>1</sup>) Það eru þessi brauð: Hólmar í Reyðarfirði, Kolfreyjustaður, Heydalir, Hof í Álptafirði, Stafafell, Staðarstaður, Staður á Reykjanesi, Árnes, Staður í Steingrímsfirði, Prestbakki, Hjalta-  
bakki og Laufás.